



Hjálparsveitin .. DALBJÖRG

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg • 1. töl. 15. árg. • Desember 2015



Gleðilegt ár!

Ritstjóraspjall

Nú er enn eitt árið að líða. Hjálparsvéitin Dalbjörg er 32 ára síðan í mars og að gefa út 15. árgang Dalbjargarblaðsins, sem ritstjóranum finnst vera mun lengri tími séð á prenti en þegar hugsað er til baka.

Hjálparsvéitin vex og dafnar með hverju árinu. Nýir félagar bæstast í hópinn og aðrir minnka við sig störfín, eins og gengur. Aldrei hefur verið aðgengilegra að mennta sig sem björgunarsveitarmann, þar sem framboð af námskeiðum hjá Björgunarskólanum er mikið og félagar okkar sækja námskeið hvort sem þau eru haldin hjá okkur eða sveitunum í kringum okkur. Þá er einnig boðið upp á námskeið í fjarnámi sem getur verið til þæginda fyrir marga. Hægt er að velja um margar áherslur í náminu þegar svokölluðum grunnnámskeiðum er lokið, sem kallast Björgunarmaður 1, svo sem frekari menntun í fjallamennsku, fjalla-björgun, fyrstu hjálp, leitartækni og ýmsu fleiru og ættu því allir að finna eitthvað við sitt hæfi á námskránni.

Hjá okkur hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á menntun félaga og þá sérstaklega á sviði fyrstu hjálpar sem er auðvitað mikilvæg í öllum okkar störfum. Nú í haust höfum við endurvakið áhuga á spottamálum hjá meðlimum sveitarinnar og fengið nokkra nýja í lið með



Sunna Axelsdóttir.

okkur. Fimm félagar sóttu námskeið í fjalla-björgun í lok október sl. og eftir það var formlega stofnaður fjalla-björgunahópur hjá Hjálparsvéitinni Dalbjörg. Hjá öðrum hópum er það helst að fréttu að verið var að endurnýja sleðana okkar og voru keyptir nýir Arctic Cat M8000 Limited fjallasleðar. Þá er verið að leggja lokahönd á nýjan sleðabíl sveitarinnar.

Tvö lið tóku þátt í Björgunarleikunum á Ísafirði í maí og stóðu sig með þrýði. Unglingadeildin hefur hafið störf á ný og lofar hópurrinn góðu að vanda.

Að venju eru helstu viðburðir ársins raktir í þessum árgangi af blaðinu okkar. Árið hófst með stóru útkalli sem sérstaklega er fjallað um hér í blaðinu, þegar sveitungi okkar slasaðist í göngum í Litla-Dalsfjalli. Alls búrast Dalbjargarfélögum 24 útköll og aðstoðarbeiðnir á árinu, nú síðast í byrjun desember þegar óveður gekk yfir landið. Það hefur því verið nóg að gera hjá okkur á þessum vettvangi og ljóst að hverri björgunarsveit er nauðsynlegt að eiga vel menntað björgunarfólk. Ekki síst þarf hópurrinn að læra að vinna saman, þekkja hvert annað, búnaðinn sem við vinnum með og umhverfið okkar. Undirrituð þreystist ekki á því að minna á að eftir allt er mannauðurinn það mikilvægasta sem við eigum. Án hans væri ekki mikið gagn af tækjum og búnaði.

Við í Hjálparsvéitinni Dalbjörg óskum lesendum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og minnum á flugeldasöluna okkar sem hefist þann 28. desember í Hrafnagilsskóla.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Sunna Axelsdóttir
ritstjóri



Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.

Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum tengdum fóðrun og jarðrækt.

Bústólpi ehf. · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is



*Vid óskum sjálfbodaldidum í Hjálpar sveitinni
Dalbjörg, öðrum björgunarsveitum og
landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og þöktum
ánægjuleg samskipti á árinu.*

PACTA
L Ö G M E N N

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.
Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson hdl.
Gunnar Sólnes hrl.
Sunna Axelsdóttir hdl.

PACTA Lögmenn . Hafnarstræti 91-95 . 600 Akureyri . Sími: 440 7900 . Fax: 440 7901



Sérsmíðum innréttingar og innihurðir

Teiknum og gerum verðtilboð



Njarðarnesi 14 603 Akureyri - sími 460-6100
fax 460-6101 - www.ssbyggir.is - harpa@tak.is

Björgunarleikar og Landsþing 2015

Dagana 29.-31. maí voru haldnir Björgunarleikar og Landsþing á Ísafirði. Hópurinn frá Dalbjörg sem hélt til Ísafjarðar til að sitja Landsþing og taka þátt í Björgunarleikum átti frábæra helgi í finasta veðri. Alls fóru 16 manns frá Dalbjörg sem er frábær þátttaka, en af þeim voru tvö lið sem tóku þátt í Björgunarleikum, sex manns í hvoru liði og svo sátu fjórir fulltrúar frá okkur Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Mættar voru björgunarveitir alls staðar að af landinu og áttu skemmtilega helgi saman. Á föstudeginum hófst Landsþingið og um kvöldið var haldin stór grillveisla fyrir allar sveitirnar í Arnardal, sem er rétt utan við Ísafjörð og var þar margt um manninn og mikið fjör. Að henni lokinni fór fólk að hafa sig aftur til Ísafjarðar ýmist á náttstað og enn aðrir skoðuðu mannlíf- ið á Ísafirði.

Snemma á laugardagsmorgni hófust svo Björgunarleikarnir sjálfir, sem er keppni milli margra liða frá mörgum sveitum í þrautum tengdum björgunarstörfum, en í þetta sinn voru 24 lið sem tóku þátt. M.a. var keppt í spotta- verkefnum, skyndihjálpar- vísendingaleit og róðri.

Liðin tvö voru skipuð misgömlu og mis- reyndu fólki. Í öðru liðinu, Made in sveitin, voru reynslugarparnir og höfnuðu þau í 4. sæti sem er mjög góður árangur. Seinna liðið, Team Skítsaama, sem var skipað reynsluminna fólki sem flest hafði aldrei tekið þátt í leikum áður náði 17. sæti, sem er virkilega góður árangur miðað við fyrstu leika. Einnig má nefna að Made in sveitin náði besta árangrinum af öllum liðum í fyrstu hjálpar verkefni, og þar stóð Team Skítsaama sig einnig mjög vel. Það er virkilega ánægjulegt, þar sem þetta er þáttur sem við höfum lagt mikla áherslu á síðustu árin.

Á meðan leikarnir fóru fram var Landsþingið



Made in sveitin tilbúin í slaginn. Jötunn vélar styrktu liðið um þessa flottu galla.



Team Skítsaama í sólinni á Ísafirði.



Team Skítsaama klár í þrautabratu.



Made in sveitin í fyrstu hjálpar-verkefni.

enn í gangi og ekki síðri skemmtun, þar sem formannskjör og kjör til stjórnar voru æsispennandi.

Á laugardagskvöldi var haldin glæsileg árs- hátíð Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þar var borinn fram dýrindis matur, skemmtiatriði á sviði og úrslit bæði leikanna og kosningarinnar tilkynnt. Árshátíðin var frábær í alla staði og stóð gleðskapurinn fram á nótt.

Á sunnudeginum litum við í opin hús til Björgunarveitanna Ernis á Bolungarvík og Tinda í Hnífsdal og var mjög gaman að sjá aðstöðuna hjá þessum sveitum. Eftir það var snæddur hádegismatur og hópurinn hélt heim á leið eftir frábæra helgi á Ísafirði.

Bjarney Guðbjörnsdóttir
Ragnar Jónsson



Alexander, Elmar, Bubbi og Jóhann klárir í pokahlaup.



Alma, Gulla og Sunna á leið á árshátíð S.L. á laugardagskvöldinu.



Allt að gerast í pokahlaupinu.

Fjallabjörgunarhópur

Á árinu var kominn hugur í Dalbjargarfélagi að stofna formlega fjallabjörgunarhóp í sveitinni. Nokkrir félagar sóttu grunnnámskeið í fjallabjörgun 30. október til 1. nóvember þar sem leiðbeinendur voru Gísli og Raket frá Hjálparsevit skáta í Garðabæ. Síðan hafa verið haldnir reglulegir fundir í hópnum og hugað er á búnaðarkaup á nýju ári. Meðfylgjandi myndir eru af námskeiðinu.



Hópurinn að gera sig kláran við Reykárگیل.



Kerfi sett upp við Munkaþverárgilið.



Fríðrik og Bjarki að búa sig undir að síga niður. Síðan var doblun sett á kerfið og þeir hífðir upp.



Elmar og Fríðrik með Raket leiðbeinanda í börum.



Sunna og Íris við björgunarlinur 1 og 2 við Munkaþverárgilið.



Fríðrik að síga niður í Munkaþverárgilið.

Sendum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum innilegar jóla- og nýárskeðjur

JÖTUNN
VELAR · VERSLUN · VARAHLUTI



Unglingadeildin Bangsar

Fyrir veturinn 2014-2015 ákváðum við að breyta aðeins fyrirkomulaginu með unglingsstarfið og byrjuðum fyrr en vanalega. Síðustu ár höfum við byrjað með unglingsstarfið fyrir 10. bekk Hrafnagilsskóla í janúarmánuði, en þess í stað byrjuðum við í lok nóvember 2014. Í framtíðinni sjáum við fyrir okkur að vera áfram með mikið og gott unglingsstarf innan björgunarsveitarinnar og jafnvel byrja ennþá fyrr á vetrinum með fundi og fræðslu ætlaða unglingsdeildinni. Síðastliðið ár er þannig skref í átt að áframhaldandi góðu starfi.

Alls voru um 12 krakkar virkir í starfinu síðasta vetur, með mikinn áhuga og metnað á björgunarsveitarstörfum. Í annarri hverri viku voru ákveðnir fundir með krökkunum, en það sem við gerðum meðal annars á árinu var fræðsla í skyndihjálpi, fjarskiptum og snjóflóðaleit. Við kíktum tvisvar í heimsókn í klifurvegginn hjá Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri vegna mikils áhuga krakkanna á klifri. Þá litum við einnig á Slökkvistöðina á Akureyri, fengum góða fræðslu þar og fengum að skoða okkur um. Við héldum ýmsar æfingar og prófuðum mikið af búnaðinum okkar. Einnig sáu krakkarnir um kaffið í okkar árlegu páskagöngu á Föstudaginn langa, bökðuðu vöfflur og stóðu sig gríðarlega vel.

Eins og síðustu ár þá endaði starfið með frábærri jeppaferð sem



Jeppaferð vorið 2015.

heppnaðist mjög vel. Farið var á fjórum jeppum upp í skálann Réttartorfu í Bárðardal og gist í eina nótt. Þar var farið út í leiki, spilað og sungið, góður grillmatur snæddur og farið í smá jeppaskreppu að loknum kvöldmat. Við fengum mjög gott veður og allir voru ánægðir með ferðina, unglingar, bílstjórar og umsjónarmenn.

*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár*



Óðinsnes 2
Sími 460 4800



*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár*
Deloitte.



Talstöðvakennsla hjá unglingsdeild.

*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár!*



Óseyri 2 • 603 Akureyri
Sími 462 5700 • Fax 462 5701



*Óskum viðskiptavinum okkar gledilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Jólakveðjur — Starfsfólk Bakarísins við Brúna*



Ópið virka daga frá kl. 7–18
Um helgar kl. 7–16



Klifurveggurinn hjá Súlum.



Æfing með grjónadýnu í Dalborg.

Þar sem síðasti vetur heppnaðist vel höfum við ákveðið að hafa þetta með svipuðu móti í vetur, en starfið er þegar komið af stað og er hópurinn mjög flottur og áhugasamur.

*Bjarney Guðbjörnsdóttir
Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir*



Kaffi í páskagöngunni á föstudaginn langa.



Jeppaferð vorid 2015.

*Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptinu
á ljóðu ári.*



GREIFINN
R E S T A U R A N T



www.greifinn.is | Sími: 460 1600



Útköll og aðstoðarbeiðnir

10. janúar

Laugardaginn 10. janúar voru Dalbjörg og Súlu á Akureyri kallaðar út vegna slasaðs göngumanns í Litla-Dal. Maðurinn hafði verið ásamt fleirum við fjárleit, en skrikaði fótur og rann niður mikið harðfenni og slasaðist nokkuð við það. Sex manns frá Dalbjörg fóru á staðinn ásamt fleirum frá Súlum, sjúkraflutningamönnum og lögreglu. Búið var um manninn og ákveðið að kalla til þyrlu til að flytja hann á sjúkrahús þar sem erfitt var að flytja hann til byggða miðað við aðstæður. Maðurinn var fluttur nokkur hundruð metra niður brekkuna á stall þar sem þyrlan gat lent. Maðurinn var síðan fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri. Aðgerðin gekk vel miðað við aðstæður og er nánar um hana fjallað í sérstakri grein hér í blaðinu.

14. janúar

Upp úr kl. 16 þann 14. janúar barst útkall til Dalbjargar, Súlna og Dalvíkurfélaga um slasaðan vélsleðamann í Hlíðarfjalli. Tíu félagar fóru af stað frá Dalbjörg á tveimur jeppum sveitarinnar, tveimur sleðum og einu Timbersled tæki. Maðurinn hafði verið á ferð ásamt fleirum á vélsleðum rétt við Stórahnjúk í Hlíðarfjalli og slasast. Farið var á sleðum á staðinn ásamt snjótroðara frá skiðasvæðinu sem flutti sjúkraflutningamann og fleiri björgunarmenn upp ásamt búnaði. Sleðar Dalbjargar drógu síðan upp frekari búnað ásamt tjaldi sem tjaldað var yfir sjúklinginn á meðan beðið var flutnings, en ákveðið var sökum aðstæðna að kalla til þyrlu Landhelgisgæslunnar til þess að flytja manninn á Sjúkrahúsið á Akureyri.

1. febrúar

Að kvöldi sunnudagsins 1. febrúar barst aðstoðarbeiðni frá lögreglu vegna ferðalanga sem voru í vandræðum austan við Laugafell. Þar voru á ferð sjö manns á þremur bílum og fóru fjórir Dalbjargarfélagar af stað til aðstoðar. Þegar beiðnin barst var almennur fundur í Dalborg svo nægur mannskapur var til að manna bílana sem fóru af stað, sem og til að undirbúa ferðina. Tveir bílar frá Dalbjörg fóru af stað og freistuðu þess að komast upp Kerhólsöxl



Útkall við Laugafell 1. febrúar.

í Sölvadal, en snjóbíll frá Súlum fór upp á hálandið frá Öxnadalshéiðinni. Bílar Dalbjargar lögðu af stað um kl. 23:00 og sóttist ferðin hægt upp öxlina, en um kl. 03:00 um nóttina kom upp bílur í öðrum bílum. Þá var ákveðið að hinn Dalbjargarbíllinn færi upp Bárðardal með þrjá féлага innanborðs, ásamt bílum frá Súlum og Þingey. Lagt var af stað frá Mýri í Bárðardal um kl. 06:00. Snjóbíll Súlna kom að fólkinu um kl. 7:30 að morgni 2. febrúar og bílarnir sem fóru upp úr Bárðardalnum í kjölfarið. Hugað var að fólkinu sem var við góða heilsu og hafði hafst við í bílum um nóttina. Síðan var lagt af stað aftur til byggða, en einn bíllinn þurfti að draga sökum bilunar. Farið var af stað um kl. 10 og sóttist ferðin seint. Komið var niður í Bárðardalinn á milli 18 og 19 og komu seinustu björgunarmenn til Akureyrar um kl. 20:40, um sólarhring eftir að aðstoðarbeiðnin barst. Við komuna í H12, húsnæði Súlna á Akureyri, beið heitur matur eftir mannskapnum, en það var vel þegið eftir langa törn.



Útkall við Laugafell 1. febrúar.

4. febrúar

Að morgni þann 4. febrúar barst aðstoðarbeiðni vegna óveðurs. Mikið hvassvirði hafði verið þá um nóttina og hafði rúða brotnað á bænum Arnarfelli í Eyjafjarðarsveit. Nauðsynlegt var að loka fyrir gatið sem myndaðist og var farið til ábúenda með verkfæri og fleira sem þurfti til að ljúka verkinu. Verkið gekk fljótt og vel, en engan sakaði í hvassviðrinu svo vitað sé og ekki bærust fleiri aðstoðarbeiðnir vegna þess.

25. febrúar

Þennan dag voru kallaðar út sveitir af svæði 10 og 11 vegna neyðarmerkis frá SPOT staðsetningartæki. Frá Dalbjörg fóru tveir menn á sleðum auk snjóbíls af stað úr húsi. Lagt var af stað upp Vatnahjallann frá Hólsgerði um kl. 18. Veður var með versta móti og sóttist ferðin seint og stoppaði hluti hópsins í Berglandi sökum þess að ekkert skyggni var á svæðinu. Mennirnir fundust síðan um kl. 23:00 heilir á húfi og var komið til byggða.

7. mars

Aðstoðarbeiðni barst seinnipart dags þann 7. mars vegna jeppamanna sem voru á ferð við Eyjafjörð og hófðu farið niður Gönguskarð ofan í Garðsárdal. Aðstoð þurfti við að koma bílunum upp á ný, en ekki var hægt að aka lengra niður sökum snjóleysis. Um fimm bíla var að ræða sem þurfti að spila upp. Aðgerðin gekk vel og félagar Dalbjargar voru komnir í hús rétt upp úr miðnætti.

14. mars

Um þetta leyti var veður um allt landið mjög vont og bærust Dalbjargarfélögum aðstoðarbeiðnir vegna þess. Tveir félagar Dalbjargar fóru þann 14. mars til aðstoðar að bænum Brúnum í Eyjafjarðarsveit þar sem stór fjárhúsgluggi brotnaði vegna veðurs. Sú aðstoðarbeiðni barst um kl. 11:30 og gekk vel að loka gatinu. Eftir aðstoðina á Brúnum fóru þrjú félagar Dalbjargar til aðstoðar á Sigtúnum, en þar hafði stór súrheysturn fokið um koll í rokinu



Bestu óskir um
gledileg jól
og farsælt nýtt ár



Silva hráfæði ehf
Syðra Laugalandi efra
Eyjafjarðarsveit

og lent á hluta af hlöðu á bænum. Sem betur fer slösuðust hvorki menn né dýr, en hlaðan skemmdist talsvert.



Útkall á Sigtúnum 14. mars. Súrheysturninn fallinn, en þarna undir sést gamall Massey Ferguson 135.

18. mars

Dalbjörg barst útkall um kl. 3:30 aðfaranótt 18. mars vegna eldsvoða að Brúnalaug í Eyjafjarðarsveit. Nokkrir Dalbjargarfélagar fóru á staðinn til aðstoðar, m.a. til að loka götum á húsum o.fl. Eldurinn kviknaði í tengibyggingu við gróðurhús og varð af mikið tjón, en ný uppskera var á leið í verslanir nokkrum dögum síðar. Rafmagn fór einnig af í eldsvoðanum.



Eftir eldsvoða í Brúnalaug 18. mars.

11. apríl

Að kvöldi þessa dags barst aðstoðarbeiðni vegna bíla sem sátu fastir í Víkurskarði. Tveir bílar fóru frá Dalbjörg ásamt öðrum sveitum af svæðinu í þeim tilgangi að ná í fólknið úr bifreiðunum sem sátu fastar og koma því til byggða, en ekki var unnt að koma bílum þeirra til byggða sökum lélegs skyggis og færiss. Um talsverðan fjölda fólks var að ræða, eða um 20 manns og var byrjað að ferja fólk úr bílunum um kl. 20:30. Um kl. 22:30 var aðgerðinni lokið og allir ferðamennirnir voru komnir í öruggt skjól á Akureyri.

14. júní

Um kl. 09:00 þann 14. júní barst Hjálparveitinni Dalbjörg beiðni um aðstoð. Fjórir ferðalangar höfðu fest bíl sinn á Eyjafjarðardal um nóttina, en þeir höfðu farið í ökuferð inn á dalinn. Þeir höfðu gengið til baka um nóttina og komist í Hólsgerði til að láta vita af sér. Tveir félagar fóru á Dalbjörg 1 til aðstoðar og losuðu bílinn. Ferðalangarnir tóku bílinn aftur í Hólsgerði og héldu til Akureyrar, heilir á húfi.

21. júlí

Þann 21. júlí um kl. 05:25 barst útkall vegna göngumanna sem orðið höfðu viðskila á göngu frá Hofsjökli. Annar komst í bíl hjá ferðamönnum við Þórisvatn en hafin var leit að hinum manningum. Fimm manns lögðu af stað á Dalbjörg 1 til aðstoðar, en maðurinn fannst heill á

húfi áður en félagar Dalbjargar komust á leitarstað.

9. ágúst

Upp úr kl. 18:00 þennan dag barst Hjálparveitinni Dalbjörg útkall vegna flugvélar sem hafði lagt af stað kl. 14:10 frá Akureyri til Keflavíkur, en ekki skilað sér á áfangastað. Aðgerðin var stór og fjölmargar björgunarsveitir voru kallaðar út til leitar, eða rúmlega 40 talsins. Fjórir félagar fóru af stað til leitar á Dalbjörg 1 og var farið upp Garðsárdalinn þar sem þrjú félagar gengu upp dalinn frá skálanum Adda. Um kl. 21:00 fannst flugvélin við Gíslahnjúk í Barkárdal, sem er inn af Hörgárdal. Tveir menn voru í vélinni og var annar látinn. Dalbjörg 1 var kominn í hús um miðnætti en svo gegndu einnig tveir félagar gæslustörfum um nóttina við Barkárdal.

15. ágúst

Þann 15. ágúst óskaði vélhjólamaður sem var á ferð inn á Garðsárdal eftir aðstoð, en hjólið hans hafði bilað. Tveir félagar Dalbjargar fóru til aðstoðar og komu manningum heilum á húfi til byggða, ásamt hjólinu.

25. ágúst

Þennan dag barst útkall um kl. 18:20 vegna leitar að göngukonu á Vaðlaheiði, en skolið hafði á þoka þá um daginn. Konan var í símasambandi framan af og rataði ekki til baka, en var vön göngum og vel búin. Frá Dalbjörg fóru



Sendum Eyfirðingum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Norðurorku

Es. farið varlega með flugelda og blys um áramótin


NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita



níu manns til leitar, en konan fannst um kl. 19:50, heil á húfi.

26. ágúst

Aðfaranótt 26. ágúst barst aðstoðarbeiðni vegna konu sem hafði verið í girðingarvinnu í Sölvadal. Þoka var á svæðinu og var hún orðin villt. Tveir félagar fóru þegar til aðstoðar og fannst konan stuttu seinna.

26. ágúst

Að kvöldi 26. ágúst barst aðstoðarbeiðni vegna tveggja ferðamanna sem voru í vandræðum á Eyjafjarðardal, en bifreið þeirra hafði bilað. Þau höfðu reynt að ganga til byggða en snúið til baka í bifreiðina. Fjórir félagar fóru á Dalbjörg 1 og 2 til aðstoðar og komu ferðamönnum til byggða, en þá hafði ekki sakað.

3. september

Þennan dag fóru þrjú félagar Dalbjargar til aðstoðar öikumanni á bifreið sem notuð var til að flytja gangnamenn upp á Hólafjall. Bifreiðin sat fóst og var öikumanninum hjálpað við að losa bifreiðina.

8. nóvember

Sunnudagskvöldið 8. nóvember fóru fimm Dalbjargarfélagar til aðstoðar ferðafólki við Laugafell. Þau höfðu farið upp Eyjafjarðardalinn

á óbreyttum bíl en fest bílinn rétt við Laugafell. Vel gekk að losa bílinn og komst fólkíð síðan af sjálfsdáðum til byggða og engan sakaði.

11. nóvember

Hjálparveitin Dalbjörg fékk beiðni rétt fyrir kl. 23:00 miðvikudagskvöldið 11. nóvember um eftirgrensulan eftir ungum mönnum sem ekki höfðu skilað sér til byggða úr ferð upp að Laugafelli. Fimm félagar Dalbjargar héldu af stað á tveimur jeppum sveitarinnar auk þess sem einn var í svæðisstjórn. Þegar upp var komið fannst slóð frá Laugafelli og áleiðis í Skagafjörð. Dalbjörg 1 fór þá að Laugafelli til frekari athugunar en Dalbjörg 2 rakti slóðina austur Dragaleið. Drengirnir fundust á Skagafjarðarleið um kl. 02:00. Þeir höfðu ætlað til baka þá leið en bíllinn varð öökufær eftir að þeir óku yfir Hnjúkskvísl við Laugafell. Drengirnir voru fluttir til byggða heilir á húfi en bíllinn skilinn eftir og var sóttur síðar.

23. nóvember

Þann 23. nóvember fóru fimm félagar til aðstoðar á bæ í sveitinni vegna þakglugga á fjósi sem var að gefa sig vegna hvassviðris og var bóndinn aðstoðaður við að loka glugganum.

4. desember

Þann 4. desember fóru tveir félagar á Dalbjörg

2 fram í sveit til þess að koma heilbrigðisstarfsmanni til vinnu á Akureyri og gekk það vel.

5. desember

Þennan laugardag var ljósmóður í Hrafnagilshverfinu komið til starfa á Akureyri, en tveir félagar notuðu Dalbjörg 1 til verksins.

6. desember

Þennan dag barst aðstoðarbeiðni frá bónda í Sölvadal um að ná í bilaðan vélsleða og var farið á Dalbjörg 1 til aðstoðar.

7. desember

Eins og margar aðrar björgunarsveitir voru Dalbjargarfélagar með óveðursvakt í húsi seinnipart mánudagsins 7. desember og fram á næsta morgun, en það voru sjö manns sem stóðu vaktina hjá okkur. Ástæðan var sú að veðurspá var mjög slæm og búist var við fárviðri á svæðinu. Sem betur fer skall veðrið ekki á sveitinni með jafn miklum ofsa og búist var við, svo nóttin var tíðindalítill utan þess að rafmagnið fór af í sveitinni og á fleiri svæðum. Tíminn var nýttur í ýmsar æfingar og lagfæringar í húsi, en undir morgun var orðið heldur kalt í húsinu vegna rafmagnsleysisins. Auk þess voru aðilar frá Dalbjörg á vakt í svæðisstjórninni á svæði 11 vegna óveðursins undanfarna daga.



Útkall í Litla-Dalsfjalli

Laugardagurinn 10. janúar 2015 gleymist sennilega seint hjá Hallgrími Ævarssyni sveitunga okkar, en þennan morgun fór hann ásamt fimm öðrum, þ.e. Ævari föður sínum, Bjarka bróður hans, Kristni syni Bjarka, Jóhanni Grímssyni, Þóri Tryggvasyni og Hákonni syni hans að ná í kindur sem vitað var um fram í Djúpadal.

Fyrir skemmstu skropp ég í kaffi til Halla og við rifjuðum þennan dag upp í sameiningu og mundum við hann eins og hann hefði gerst í gær.

Þennan laugardagsmorgun fór Halli af stað um klukkan 10:00 og stefndi fram Djúpadalinn. Fór hann gangandi upp hlíðina og var þar á eftir nokkrum kindum talsvert uppi í hlíðum í Litla-Dalsfjalli í mynni Hagárdals. Veður þennan morgun var með ágætum, hægviðri en talsvert frost, snjór var í lægðum og giljum en hláka var búin að vera nokkrum dögum áður og snjórinn sem eftir var var orðinn að harðfenni og var ansi sleipur á yfirborði. Halli var því á mannbroddum til að geta labbað í snjónum. Hann var svo á hraðferð til að komast fyrir kindurnar þegar hann missti fótfestuna og datt. Þar sem mikið harðfenni var rann hann af stað niður hlíðina. Hann stakk mannbroddunum niður, en þar sem hann var strax kominn á mikla ferð kastaðist hann fram fyrir sig og hélt áfram að renna á mjög miklum hraða – eða eins og Halli orðaði það „ég rann alveg svakalega hratt“. Hann rann yfir steina og ójöfnur og fékk mikið högg á brjóstkassann, hugsanlega þegar hann sveif framfyrir sig eða í einhverju stökkinu. Eðli málsins samkvæmt man hann ekki nákvæmlega hvernig þetta gerðist því hraðinn var mikill. Hann stoppaði svo að minnsta kosti 200 metrum neðar, sem betur fer því hann hefði hæglega getað runnið mun lengra. Þá hefði hann endað ofan í djúpu gili og ekki hefði þurft að spyrja að leikslokum ef svo hefði farið. Þetta gerðist rétt um kl. 12:00. Þegar hann stoppaði fann hann að hann var ansi aumur og gat ekki staðið upp. Í hamanganginum hafði síminn hans, sjónaukinn og auka rafhlöður í talstöðina kastast úr vösum en til allrar hamingju var talstöðin enn í vasanum þótt vasinn hafi verið opinn. Þannig gat hann kallað á Kidda og látið hann vita að hann væri slasaður. Ævar var



Björgunarmenn á leið að slysstað með búnað.

einnig með talstöð og heyrði það sem fram fór á milli þeirra og lagði strax af stað til að kalla eftir aðstoð. Ævar var á traktor niðri á flatanum í dalnum og þurfti hann að keyra niður dalinn þar sem ekkert símasamband var á þessum slóðum. Ef Halli hefði tapað talstöðinni er ekki vitað hvenær hann hefði fundist þar sem ferðafélagar hans voru ekki alveg vissir hvar hann var og hefðu sennilega ekki farið að leita að honum strax. Jóhann og Kiddi sem voru á ferð með Halla reyndu strax að komast til hans og hlúa að honum.

Útkall barst svo björgunarsveitum á svæðinu kl. 12:28 og fór ég strax í að koma mér af stað en ég var að vinna í fjósinu heima á Hríshóli. Ég var nú ekki á harðahlaupum þar sem boðin voru þannig að verið var að óska eftir að aðstoða sjúkraliða með böruburð. Ég tók því ekki mikið af búnaði með að heiman, en klæddi mig samt þokkalega vel þar sem reynslan hefur kennt manni að oft þarf maður að bíða í svona aðgerðum og frostið þennan dag var í kringum 10 gráður. Ég var farinn af stað 10-12 mínútum síðar á mínum bláa fjallatrúkk og tók hann Jóhannes í Kálfagerði með, en hann er í svæðisstjórn á svæði 11. Við brunuðum beint inni Litla-Dal þar sem sjúkralillinn beið og komst ekki lengra þar sem áframhaldandi leið inn dalinn og að fjallshlíðinni var torfær. Við hrúguðum öllum þeim helsta búnaði úr sjúkralilnum yfir í jeppann hjá mér því að á þessu augnabliki var komið í ljós að hann Halli væri eitthvað slasaður. Sjúkraflutningarmennirnir komu með okkur Jóa í bilinn og við brunuðum af stað fram eftir sem



Björgunarmenn niðri í dalnum. Efst fyrir miðri mynd má sjá rauða ör sem bendir á slysstaðinn.

gekk fljótt og vel fyrir sig. Við hittum svo samferðarmenn Halla sem bentu okkur á slysstaðinn sem var talsvert langt uppi í hlíðinni og sáum við strax að talsvert verk beið okkar að koma þeim búnaði sem þurfti upp eftir og leiðin ekki greiðfær. Auk þess var skófatnaður sjúkraflutningsmannanna ekki til þess fallinn að labba í svona landslagi eins og þarna var og þá voru þeir ekki heldur með mannbrodda. Ég var ekki með mína mannbrodda þar sem ég taldi mig vera að fara í böruburð, en var samt í góðum gönguskóm. Fyrir tilviljun var ég með ísexi í bílnum sem kom sér vel og dreif ég því mannskapinn af stað. Við vorum klyfjaðir af búnaði, en ég hjó spor fyrir okkur í harðfennið og fórum við í halarófu upp eftir. Gangan gekk vel og vorum við sveittir og mäsandi þegar upp var komið þar sem við vorum auðvitað á hraðferð. Við vorum komnir til Halla rétt um kl. 13:30. Strax var hafist handa við að veita honum fyrstu hjálp, Jóa fór um leið í að sjá um fjarskiptin og ég fór að vinna í að halda hita á sjúklingnum þar sem honum var orðið ansi kalt eftir að hafa



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

SPORTVER



setið í snjónum í einn og hálfan tíma. Ég settist á bak við hann þannig að hann gat hallað sér aftur og hvílt sig þar sem hann fann mikið til, en eins og þeir sem þekkja Halla vita kvartaði hann nú ekki mikið þrátt fyrir aðstæður. Við komum teppum utan um hann og sjúkraflutningamennirnir fóru að greina hann og koma í hann verkjalyfjum. Það gekk nú ekki alveg þrautalaust fyrir sig þar sem frostið var um 10 gráður og því fór að frjósa í sprautunum, en allt hafðist þetta nú. Þá fór að bætast í björgunarahópin og var Anton frá Súlum kominn upp til okkar en hann er sjúkraflutningamaður og vanur fjallabjörgunarmaður. Við fórum þá að átta okkur á því að Halli væri talsvert mikið slasaður. Hægri fóturinn var mikið lengri en hinn sem sagði okkur að lærleggurinn væri brotinn og hann orðinn ansi kaldur. Þá var ákveðið að kalla til þyrlu Landhelgisgæslunnar. Björgunarmönnum var farið að fjölga á svæðinu sem komu með meiri búnað til að við gætum flutt hann neðar í hlíðina þar sem við vissum að þyrlan gæti komist til okkar. Dalbjörg 1 hafði keyrt nokkuð langt upp í hlíðina með þrjá göngumenn sem fóru ásamt félögum úr Súlum með börur, teppi og annan búnað lengra upp að slysstaðnum.

Unnið var í því að búa um Halla í börunum og var kominn á staðinn fjallabjörgunarahópur frá Súlum sem setti upp línur svo við gætum komið börunum neðar í hlíðina á öruggan hátt.



Björgunarmenn að störfum á slysstað.



Félagar Dalbjargar og Súlna við Dalbjörg 1.

Það var það bratt í hlíðinni að ómögulegt var að bera börurnar nema með aðstoð trygginga. Mitt hlutverk var að tala við Halla og passa að hann myndi halda meðvitund allan tímann.

Þegar við Halli vorum að spjalla um þetta núna um daginn mundi hann vel eftir okkar spjalli og hló og sagði: „Ég man þegar þú sagðir; Halli það er fullt af fólki hérna að reyna að hjálpa

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili



Óskum starfsmönnum okkar og viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Allar vörur til ræstinga, áhöld, hreinsiefni, pappír og plast



Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892-5232 / 865-8114 /
865-2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
email thrif@thrif.is / www.thrif.is

þér, reyndu allavega að vera með okkur". Óhætt er að segja að við vorum ansi nánir þennan tíma. Ferðin niður gekk vonum framar með mikilli samvinnu félaga Dalbjargar og Súlna og tókst okkur að mjaka okkur jafnt og þétt niður hliðina á þann stað þar sem var búið að áætla að þyrlan gæti sótt sjúklinginn. Halla var orðið ansi kalt og var komið heitt vatn á svæðið sem sett var á flöskur til að koma inná Halla meðan beðið var eftir þyrlunni. Þyrlan kom svo á svæðið um kl. 15:40 og var það magnað sjónarspil þegar hún kom að hliðinni. Fyrst tyllti hún nefhjólum í hliðinni og út kom þyrlulæknirinn. Þyrlan flaug svo frá aftur á meðan læknirinn skoðaði aðstæður. Þyrlan kom svo aftur að og við bárum Halla um borð með þyrluspaðana á fullri ferð, en maður hafði á tilfinningunni að þeir nörtuðu í hjálminn hjá manni. Þá var snjó- og molddrokið svo mikið að vont var að hafa augun opin. Þyrlan flaug frá okkur um kl. 15:50 beina leið á sjúkrahúsið á Akureyri. Það var mikill léttir að horfa á eftir henni og mikið spennufall sem myndaðist hjá okkur, vitandi það að Halli væri á leið undir læknishendur á Akureyri. Var farið í að ganga frá búnaði og koma fólki og tækjum úr hliðinni og halda heim á leið. Síðustu félagarnir voru komnir niður að Stóra-Dal um kl. 17:00.

Halli var kominn niður að sjúkrahúsi kl. 16:01 og var hann strax undirbúinn til að komast í aðgerð. Líkamshiti hans var kominn niður í 35 gráður og þurfti að byrja á að hita hann upp fyrir aðgerð sem hann fór svo í um kl. 18:00. Halli lærbrotnaði á vinstri fæti um 5 cm neðan við mjaðmakúlu, marðist mikið á hægri fæti og skemmdist þar vöðvi. Þá hlaut hann



Þyrlan tyllir hjólum í hliðina.

Mynd tekin hinumegin í dalnum. Slystaðurinn er merktur með rauðum hring.



framhandleggsbrot á hægri hendi og tvö rifbein voru einnig brotin. Mikil endurhæfingavinna hefur verið á þessu ári hjá honum en hann lá á sjúkrahúsi í 11 daga og fór ekki út úr húsi fyrr en í byrjun mars. Í maí byrjaði hann að mæta til vinnu, en rólega þó. Í dag er hann örlítið haltur og úthald er ekki mikið og því verður hann ansi þreyttur eftir fullan vinnudag. Óvíst er hvort hann nái sér fullkomlega eftir þetta slys en auðvitað vonar maður það besta.

Það er allavega nokkuð ljóst að hann fer ekki bara á broddum næst þegar harðfenni er og nauðsynlegt er að vera á ferð í hlið sem þessari, því ávallt skal hafa ísexi meðferðis þegar labbað er á broddum til að geta stoppað sig með ísaxarbremsu ef maður rennur af stað.

Aðgerð þessi tókst með miklum ágætum og góðri samvinnu 28 björgunarmanna, ferðafélögum Halla og þyrlu Landhelgisgæslunnar sem

gerði það að verkum að Halli komst eins fljótt og kostur var undir læknishendur. Ljóst er að mikill tímasparnaður var að fá þyrluna til okkar og hefði tekið að lágmarki 2 tíma til viðbótar að koma honum undir læknishendur án hennar sem hefði valdið meiri óþægindum og að öllum líkindum ofkælingu fyrir sjúklinginn. Hægvíðri var og gat þyrlan því komið beint til okkar í hliðina.

Halli vill koma miklu þakklaeti til allra sem að björguninni komu.

*Elmar Sigurgeirsson
Myndir tók Þórir Tryggvason*



VÍS

**VÍS óskar landsmönnum
gleðilegra jóla**

Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



Símar: 848-9114 - 862-8833 - 895-3883 | malbikun@simnet.is | www.malbikun.is



FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Afgreiðslutími:

28. desember kl. 13-22


29-30. desember kl. 10-22

31. desember kl. 9-16

6. janúar (þrettándinn) kl. 12-16

Flugeldasími: **867 8586**





Hjálparsveitin
DALBJÖRG

Haustferð Dalbjargar

Föstudaginn 23. október lögðu af stað 14 manns á fjórum bílum, tveimur jeppum sveitarinnar og tveimur einkabílum í árlega haustferð Dalbjargar. Stefnan var tekin austur á land og keyrt sem leið lá í Jökuldal. Á leiðinni var stoppað við gamalt sæluhús sem stendur aðeins frá þjóðveginum vestan við Jökulsá á Fjöllum, við vestari leiðina að Dettifossi. Þetta hús er eitt af elstu steinhúsum á landinu, byggt árið 1883 við einn þriggja ferjustaða á Jökulsánni, en þar var ekki brúað fyrr en 1948. Notkun hússins var þó ekki sem skyldi vegna sagna um reimleika í húsinu. Mér persónulega fannst mjög gaman að sjá þetta hús og formaðurinn okkar nýtti tækifærið og lagði sig á meðan hópurinn skrifaði í gestabókina. Þegar í Jökuldal var komið héldum við fram dalinn og fórum uppúr Hrafnkeldal sem leið lá í Snæfell. Ferðin gekk hægt þar sem að færið var erfitt en við komum í skála um kl. 3 aðfaranótt laugardags og var hópurinn bara í góðum gir og var setið og spjallað áður en farið var í koju.

Á laugardeginum ókum við frá Snæfellsskála og skoðuðum okkur um í nágrenni hans. Færið var aðeins betra en kvöldið áður og veðrið var



Hópurinn úr haustferðinni við Kárahnjúkastíflu.

gott. Við sáum mikið af hreindýrahópum á ferðinni og var mjög áhugavert að sjá þau í nokkuð góðu návígi. Við fórum að fjallahótelinu Laugarfelli sem er mjög glæsilegt og er þar hlaðin heit laug sem við að sjálfsögðu nýttum okkur. Þaðan ókum við í skála sem heitir Fjallaskarð og er í umsjón Austfjarðadeildar Ferðaklúbbsins 4x4. Aðstaðan þar var glæsileg

og þar grilluðum við okkur lambalæri í kvöldmat og sungum svo og spiluðum og spjolluðum fram eftir kvöldi.

Frá Fjallaskarði fórum við á sunnudagsmorgni í Kárahnjúka og skoðuðum stífluna og tóku sumir skokk þar yfir. Eftir smá stopp á Kárahnjúkum var kominn tími til að halda heim og fórum við Bessastaðabrekkurnar niður í



Dalbjörg 1 kominn í smá vandræði.



Dalbjörg 2 í tunglsljósínu.



Smá festa.

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20
210 Garðabæ
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur
Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar
Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir
Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting
Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun
Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta
Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar



Dalbjörg 1 við sæluhúsið við Jökulsá á Fjöllum.



Formaðurinn að leggja sig í sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum.



Hreiðar og Bubbi á Kárahnjúkastíflu



Farið var í laugina við Laugarfell fyrir austan.

Fljótsdal og komum við hjá Björgunarsveitinni Héraði á Egilsstöðum og fengum að skoða aðstöðuna þeirra sem var hin glæsilegasta. Á leiðinni heim í Eyjafjörðinn frá Egilsstöðum var tekið eitt stöpp í Hrossaborgum, enda voru nokkrir í hópnum sem höfðu aldrei komið þangað. Við renndum svo í hlað við Dalborg um 20:30 á sunnudagskvöldi, þreytt en sátst eftir góða ferð.

Ferðir eins og haustferðin okkar og svo Stóra Dalbjargarferðin eins og við köllum ferðina okkar sem oft er farin í mars eru svo nauðsynlegar fyrir hópinn okkar. Við kynnumst tækjunum okkar og svo auðvitað hvort öðru betur sem gerir okkur betur undir það búin að vinna saman þegar í útkall er komið. Einnig finnst mér frábært hvað Dalbjörg hefur alltaf lagt mikið uppúr því að kynna unga fólk sitt

fyrir landinu okkar. Að þekkja okkar nærumhverfi sem er okkar útkallsvæði er nauðsynlegt en að fara lengra í burtu er líka nauðsynlegt og hef ég kynnst landinu á allt annan hátt í ferðum með hjálparsveitinni síðustu 12 ár sem ég hef starfað í Dalbjörg og komið á staði sem ég hefði annars aldrei komið á.

Takk fyrir mig

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir (Gulla)

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI

Landsæfing 2015

Þann 10. október síðastliðinn var Landsæfing Slysavarnarfélagsins Landsbjargar haldin í Eyjafirði. Við í Hjálparveitinni Dalbjörg tókum þátt í skipulagningu og undirbúningi og sáum um öll tækjaverkefni æfingarinnar.

Verkefni voru 12 talsins og höfðum við þau um alla Eyjafjarðarsveit og í Vaðlaheiði. Verkefni voru fyrir tækjahópa á jeppum og fjórhjólum. Alls konar verkefni voru í boði, svo sem ná í sjúkling í bíl út í Eyjafjarðará og ná svo bílnum í land, en sandar Eyjafjarðará geta verið mjög erfiðir. Þá var sett upp glæsileg þrautabraut ofan við bæinn Hrafnagil í drullu og skorningum, affelgaður bíll með brotna felgubolta var staðsettur í Vatnahjalla á Eyjafjarðardal, sett var upp leitarverkefni með snjóflóðaylum sunnan við Stekkjarflatar, fjórhjól fóru í eftirgrennslan upp Hólafljall og inn í Landakot, skyndihjálparverkefni var á Hálsi ofan Saurbæjar ásamt fleiri spennandi verkefnum sem tækjahópar þurfa að geta leyst.

Mikil vinna var lögð í öll verkefni til að hafa þau krefjandi og skemmtileg. Vikan fyrir æfinguna var því býsna þétt setin í undirbúningi. Það voru um 30 manns frá Dalbjörg sem tóku þátt þennan dag sem umsjónarmenn verkefna, sjúklingar og í svæðisstjórn.

Æfingin öll teygði sig býsna langt, eða frá Hörgárdal til Húsavíkur. Alls voru 72 verkefni af öllum toga, s.s. fjallabjörgun, sérhæfð skyndihjálpar, bátaverkefni og einfaldlega allt sem viðkemur leit og björgun. Þessi æfing var mjög vel sótt og tókst með miklum ágætum. En



Verkefni við Eyjafjarðará, undirbúningur við að spila bílinn upp.

þar sem margir komu um langan veg þarf talsvert gistiþláss. Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit lagði til skólastofur í Hrafnagilsskóla til gistingar, bauð öllum í sund eftir æfinguna og lánaði félagsheimilið Laugarborg undir grillveislu um kvöldið. Það er ekki sjálfsgat mál að fá eignir sveitarfélagsins að láni í svona verkefni og þökkum við okkar sveitarfélagi kærlega fyrir.

Okkur í Dalbjörg þótti gríðarlega gaman og vorum hreykin af því að hafa allan þennan fjölda björgunarsveitarfólks svona rétt hjá okkar bækestöð í sveitinni okkar og fengum við margar mjög skemmtilegar heimsóknir þessa helgi. Við þökkum kærlega fyrir okkur.

Eiður Jónsson



Áin vaðin til að ná snjóflóðaylinum sem leitað var að.



Snjóflóðaylaleit í blíðskaparveðri.



Snjóflóðaylaleit ofan Hríshóls og Stekkjarflata. Margt lagt á sig til að finna snjóflóðaylinn.



Verkefni í Sölvadal.



Bestu óskir um
gledileg jóla
og farsælt nýtt ár



HÚSASMÍÐJAN
Lónsbakka · Sími 460 3500 · husa.is

Löng helgi

Að þessu sinni ætla ég að rifja upp helgi eina fyrir 17 árum síðan.

Þannig var að helgina 6.-8. mars 1998 var haldin Landsæfing björgunarsveita í Borgarfirði. Í þá daga voru samtökin tvö, þ.e. Landsbjörg, landssamband björgunarsveita og Slysavarnafélag Íslands. Þau eru nú sameinuð í Slysavarnafélagið Landsbjörg, en sú sameining var árið 1999.

Við Dalbjargarfólk létum ekki okkar eftir liggja og lögðum af stað seint á föstudegi vestur í Varmaland í Borgarfirði á báðum bílum sveitarinnar að mig minnir, 6 eða 7 manns. Er við komum þangað var mættur heill her af fólki víða af landinu, en sökum þess hve við komum seint lentum við á frekar vondum stað í íþróttahúsinu og varð lítið um svefn þá nótt vegna þess að alltaf var umgangur framhjá okkur. Eldsnemma um morguninn, að mig minnir um 5:30 mætti einn af skipuleggjendum æfingarinnar með gjallarhorn og þrumaði yfir salinn: „Ræs, það er útkall, hópslys vegna sprengingar í næsta húsi“. Maður vaknaði frekar snögg við þennan hávaða, þó loksins nýlega sofnaður. Ekki veitti af því að vera röskur að koma sér á lappir til að verða ekki nánast undir allri strollunni af vel sofnu fólki sem hafði komið fyrr og var innst í salnum.

Er út var komið beit frostið allhressilega, enda eitthvað um 24 gráður. Við sem vorum bílstjórar fórum að huga að því að koma bílunum í gang og sá maður að það gekk misvel. Land Cruiserinn okkar, Dalbjörg 1, rauk reyndar í gang en beita þurfti gamla Econoline, sem var þá Dalbjörg 2, nokkrum fortólum og startköplum til að gangsetja. Hinir í hópnum tóku sitt dót og gerðu sig klár í sprengjuslysið. Þegar mesta hélan var farin úr bílunum fórum við í röðina og biðum eftir að verða kallaðir til að flytja sjúklinga. Ekki var laust við að maður væri

hálf feginn að sitja inni í ylnum og horfa á hóp af fólki standa úti í frostinu og hafa mismikið að gera. Þegar þessu verkefni lauk var gefið smá kaffi og matarpása, en eftir það fengum

við úthlutað verkefni ásamt fleirum sem var hjá Langavatni. Ekkert okkar var svo mikið sem kunnugt í Borgarfirði og þetta var nú líka í upphafi GPS tækjanna, þannig að það var



Við Litlakot. Dalvíkingarnir eru að skoða landakort og stilla svokallaða Glerárleið inn í GPS-staðsetningartæki. Þarna er veðrið enn mjög gott, röskri hálfri klukkustund áður en óveðrið skall á. Haukur Gunnarsson.




Við skálann Laugafell. Myndin er tekin í suðurátt. Frá vinstri: Marínó Ólason, Birkir Bragason, Kristbjörn Arngrímsson, Hörður Másson, Gunnar Gunnarsson, Stefán Gunnarsson. Haukur Gunnarsson



Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



 STRAUMRÁS hf.



gamla góða kortið sem þurfti að lesa í ásamt því að við vorum reyndar líka komin með tölvu með kortaforriti í Dalbjörg 1. En afleggjarann upp að Langavatni fundum við og lögðum í hann. Mörg verkefni voru líka á þessari leið fyrir aðra hópa þannig að umferð var talsverð í fyrstu, en eftir því sem ofar dró jókst snjórinn og færirð versnaði. Um það bil á miðri leið komum við að sneiðingi í veginum sem var alveg fullur af snjó. Eftir smá spekuleringar var ákveðið að láta vaða þarna niður og svona eftir á að hyggja var það misgáfulegt, með það í huga hvort við kæmumst þarna upp aftur, en áhuginn á verkefninu var svona mikill. Ekki var hægt að kvarta undan veðrinu, logn, sólskin og aðeins farið að minnka frostið. Inn að Langavatni komumst við og fundum þar þá sjúklinga sem við áttum að sinna. Með okkur voru hópar frá Ólafsfirði og þáverandi Hjálparsvetit skáta á Akureyri. Er kom að því að halda heim hafði eitthvað gerst í færinu, allavega var Suburbaninn þeirra á Ólafsfirði hættur að geta keyrt hjálparlaust og endaði hann í spotta hjá Akureyringum meira eða minna langleiðina heim.

Einhver fleiri verkefni fengum við á bakaleiðinni en langt var liðið á daginn og eins og margir vita enda svona æfingar yfirleitt á sameiginlegum mat. Við hugsuðum okkur gott til glóðarinnar því við áttum vísa gistingu í sumarhúsi í Munaðarnesi þetta laugardagskvöld. Eftir matinn kom einn kunningi minn til mín og spurði hvort við værum til í að fara upp að Langavatni aftur, þar sem þar væri smá vandamál. Kom þá í ljós að fleiri höfðu elt okkur niður sneiðinginn fræga og komust ekki til baka þar upp úr. Úr varð að við renndum uppeftir ásamt öðrum bíl sem ég man nú ekki lengur hver var - en við mokuðum og tróðum svo slóðina upp þennan sneiðing svo allir kæmumst heim.

Mikið var gott að komast í húsið í Munaðarnesi þetta kvöld. Þar var spjallað og grínast og kíkt á einhverja sem voru í næsta bústað –reyndar allt of langt fram á nóttina. Áður en farið var að sofa vorum við á Dalbjörg 1 búnir að ákveða að skella okkur yfir Langjökul, ofan í Hveravelli og fara Kjöl heim á sunnudeginum. Nætursvefninn var því kannski ekki eins langur og hann hefði þurft að vera því lagt var frekar snemma af stað upp að

Ólafur Guðlaugsson



Búvís
ÁBURÐUR

www.buvis.is
Verið velkomin á vefsíðu okkar

TRAUST OG GÆÐI
VELDU BÆÐI

Gæða áburður
á góðu verði

Búvís ehf. | Akureyri | Sími 465 1332 | www.buvis.is



Búvís
Akureyri



skálanum Jaka næsta morgun. Er upp á Kaldadalinn kom var sólin horfin og veður tekið að versna. Við hittum fleiri hópa þarna sem ætluðu sömu leið, þannig að við höldum áfram. Er í Jaka kom var komið arfavitlaust veður og alveg ljóst að við myndum ekki leggja á jökulinn. Veðrið var svo slæmt að það þurfti annað slagið að ganga á undan bílnum á bakaleiðinni. Niður undir Húsafelli var orðið skaplegt veður aftur og við keyrðum því þjóðveginn heim með skottið á milli lappanna.

Bar svo ekkert til tíðinda fyrr en við komum heim í fjörðinn og síðasti farþeginn var að fara úr Dalbjörg 1. Þá hringdi NMT síminn með tilkynningu um útkall. Útlitið var slæmt, en átta sleðamenn frá Dalvík voru týndir. Þeir höfðu ætlað frá Laugafelli um morguninn og ætlað niður Þormóðsstaðadal. Mig minnir að þetta hafi verið um kl. 19:00. Þá var komið myrkur og öskrandi suðvestan stormur með renningi. Ég kíkta rétt við heima hjá mér en fór svo niður í Galtalæk, þáverandi hús Flugbjörgunarsveitarinnar á Akureyri þar sem svæðisstjórn var að koma saman og ráða ráðum sínum. Ekki ætla ég að rekja leitarsöguna alla hér - um hana má lesa í bók eftir Óttar Sveinsson: Útkall: Fallið fram af fjalli. Á þessu sunnudagskvöldi var ég búinn að vera meira og minna á ferðinni frá föstudagsmorgni og svefninn af frekar skornum skammti. Aðfaranótt mánudagsins var gert allt sem hægt var að gera til að finna sleðamennina. Sleðar voru sendir upp á hálandið, bílar upp úr Bárðardal, en það var eins og jörðin hefði gleypt þá. Það var svo ekki fyrr en um kl. 13:00 á mánudeginum að fregnir bárust um að þrír úr hópnum væru komnir gangandi niður í Stóra Dal í Eyjafjarðarsveit. Ekki var laust við að það væru góðar fréttir, en hvar voru hinir? Þremmingarnir gátu gefið upp svona um það bil hvar hinir fimm hírústi í snjóhúsi í um 1.200 metra hæð á Nýjabæjarfjalli. Allan þennan tíma var maður búinn að vera með taugarnar þandar til hins ítrasta við að hugsa, spá og spekulera og ekkert sofið. Hlutverk okkar Dalbjargarmanna hafði verið að kanna dalina, þ.e.a.s. Eyjafjarðardal og Torfufellsdal og einhverja fleiri. Félagar fóru í verkefni ymist gangandi eða á einkasleðum. En nú var allt sett í gang og reynt að komast til sleðamannanna fimm úr öllum áttum; sleðar og gönguhópar fóru upp úr Hraunárdal, Dalvíkursnjóbílinn var sendur af Öxnadalshéið og svo auðvitað þeir sleðamenn



Þegar tækifæri gafst var farið upp á Nýjabæjarfjall til að ná í vélsleða Dalvíkinganna sem þurfti að skilja eftir.

Haukur Gunnarsson



Á þessari mynd eru þrír vélsleðar. Einn þeirra er alveg fenntur í kaf. Þetta voru tækin sem Dalvíkingarnir notuðu til að mynda sér skjól á sunnudeginum. Á myndinni eru Árni Helgason og Sigurður Vigfússon.

Haukur Gunnarsson

sem biðu átekt á Litlakoti. Það var ekki fyrr en töluvert var liðið á aðfaranótt þriðjudags að sleðamennirnir fimm voru komnir í snjóbil Dalvíkinga. Þá settumst við Guðmundur Ingvarsson, formaður á Dalvík, niður í sófa inni í Galtalæk og sofnuðum, því lík var spennan búin að vera.

Svona fór þetta, allir komust heilir heim að lokum. En helgin var löng frá föstudegi fram yfir hádegi á þriðjudegi og lítið sofið. Svo má líka geta þess að ekki viðraði fyrr en 19. mars til að sækja sleða þeirra félaga og var það mikil vinna. Aldrei á ævinni hef ég séð sleða jafn klakabrynjaða eins og þá, en við þurftum að

nota ísaxir og fleiri verkfæri til að ná reimum af og losa beltagang til að hægt væri að draga þá heim. Svona til gamans má geta að þessi leit varð til þess að haustið eftir eignaðist Hjálparveitin Dalbjörg sinn fyrsta sleða og hefur haldið úti tveimur öflugum björgunarsleðum síðan.

Að lokum vil ég hvetja alla til að lesa frásögnina af leitinni í framangreindri bók Óttars og óska lesendum árs og friðar.

Desember 2015

Ingvar Þ. Ingólfsson

Myndir eru fengnar úr bók Óttars Sveinssonar, Útkall - Fallið fram af fjalli.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*



Hálendisvaktin

Vikuna 12.-19. júlí 2015 héldu sjö meðlimir Dalbjargar, Friðrik, Hreiðar, Haraldur, Ingvi, Stefán, Ingvar og Íris, í hálendisgæslu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þetta árið sáum við um Sprengisand, okkar heimahaga. Ástæðan fyrir því að Sprengisandur var valinn fram yfir önnur svæði er sú að hann er okkar helsta ferða- og útkallssvæði og þ.a.l. mjög gott að vera því svæði vel kunnugur.

Við vorum fyrsta vaktin þetta árið og því margar leiðir ófærar en við fengum undanþágu til þess að mega keyra upp úr Skagafirðinum og þaðan Forsetaleiðina í Nýja-Dal. Allar leiðir úr norðri voru í raun lokaðar, Eyjafjörður, Skagafjörður og Bárðardalur en þær tvær síðarnefndu opnuðu á þriðjudeginum tveimur dögum síðar auk þess sem Gæsavatnaleið var lokuð allan tímann.



Á Sprengisandi.



Smá vandræði.

*Sendum Eyfirðingum
okkar bestu jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*

 Garðsbúið ehf. **Eyjafjarðarsveit**



Eitt nauðsynlegra verka var að halda skiltum í lagi.



Friðrik að græja spilið á Dalbjörg 1.

Verkefni okkar voru af ýmsum toga, m.a. uppsetningar á lokunarskiltum, gefa ferðalöngum ráð og búa um sár einhverra þeirra. Uppistaðan var þó aðallega sú að draga fasta bíla úr aurbleytu og ám. Fjórðungsvatn var staður þar sem ansi margir festu bíla sína en vatnið hafði flætt yfir veginn og var hann á 70 cm dýpi þegar mest lét.

Þá var mikið um útköll þar sem fólk hafði ætlað að sveigja fram hjá stórum pollum á vegum og sokkið í for. Þarna sýndi það sig vel hve brýn þörfin er á vitundarvakningu meðal ferðamanna í þeim málum að halda sér innan vega á hálendinu og vera á vel útbúnum bílum.

Umfram allt var þessi vika stórskemmtileg, allt gekk hnökralaust fyrir sig og hópurinn náði vel saman. Það er nefnilega svo margt sem fæst með því að fara í hálendisgæslu, fólk kynnist betur, æfist í því að nota búnaðinn sinn og kunnáttu og síðast en ekki síst öðlast fólk mikla landþekkingu sem eins og áður segir er mikilvægur þáttur í björgunarstarfi.

Friðrik Karlsson



Aðstoð við ferðamenn.



Nokkurra milljóna króna trukkur dreginn á land.



Dalbjargarfélagar við Litlasjó í Veiðivötnum.

Bestu óskir um *gleðileg jól* og farsælt nýtt ár

G. HJÁL MARSSON ^H _F
AKUREYRI



Molar

Viðburðir

Tækjamót Slysavarnafélagsins Landsbjargar var haldið þann 20.-22. mars í Trékyllisvík. Ákveðið var að slá hinni árlegu Stóru Dalbjargarferð saman við Tækjamótsferðina og voru um 8 manns sem tóku þátt að þessu sinni. Ferðin heppnaðist vel og allir komu ánægðir heim eftir helgina.

Þann 28. mars var farin dagskreppa í Holuhraun ásamt félögum úr Þingey og Tý.

Æfingaferðir voru nokkrar þetta árið, til dæmis var ein farin sunnudaginn 13. desember í Kerhólsöxl á jeppum sveitarinnar til að kanna aðstæður.

Páskagangan okkar árlega var að venju á föstudaginn langa, þann 3. apríl. Unglingadeildin Bangsar sá um bakstur ofan í duglegt göngufólk og stóðu sig með þryði.

Sumarhátíð var að venju á Melgerðismelum á sumardaginn fyrsta, þann 23. apríl. Ingi og Hreiðar voru með tækin okkar á staðnum til sýnis.

Fjölskyldudagurinn var haldinn 2. maí í Víkurskarði eins og undanfarin ár. Félagar og fjölskyldur þeirra komu eins og venjulega með ýmislegt sem hægt var að renna sér á, vélsleða og fleira og skemmtu sér konunglega. Að sjálfsgöðu var svo grillað ofan í mannskapinn.

Félagar Dalbjargar sáu um kassaklufur í Kvinnahlaupinu við Hrafnagilsskóla þann 13. júní og að venju voru margir krakkar sem vildu spreyta sig.

Sumarútilega Dalbjargar var þann 10. júlí í Leyningshólum, en sumarnefndin okkar hafði veg og vanda af því að skipuleggja hana. Þá var sumarnefndin með stórskemmtilegan óvissudag þann 29. ágúst þar sem hópnum var skipt í lið og þurftu liðin að leysa ýmsar þrautir yfir daginn, svo sem að handmjólka kýr, stafla dekkjum, taka myndir af fuglahræðum og margt fleira skemmtilegt. Nefndin á hrós skilið fyrir skemmtilega dagskrá í sumar.

Litlu-jólin voru síðan haldin þann 28. nóvember í Funaborg og tókust með eindæmum vel. Nefndin galdraði fram ljúffengan mat og þátttaka var góð.

Fjáraflanir

Flugeldasalan var að venju í Hrafnagilsskóla og gekk vel þetta árið.

Handverks hátíðin var haldin í Hrafnagilsskóla dagana 6.-9. ágúst, en undirbúningur Dalbjargarfélaga hófst að venju mun fyrr við uppsetningu



Flugeldasala 2014.

skilta, tjalda, sýningarkerfis o.fl. Þá sáu Dalbjargarfélagar um sjúkragæslu á hátíðinni auk þess að vinna í grillinu á laugardagskvöldinu. Þegar hátíðinni lauk beið svo vinna eftir okkur við að taka niður tjöldin og sýningarkerfið. Þetta gekk allt vel að vanda og samstarfið var gott við alla þá sem að hátíðinni komu.

Farið var í hina árlegu girðingavinnu 14. júní, en fyrr var það ekki mögulegt þar sem ekki var fært upp að girðingunni.

Gjöf til Hjálparveitarinnar Dalbjargar

Randver Víkingur Rafnsson gaf Hjálparveitinni Dalbjörg veglega peningagjöf í sumar í tilefni af 60 ára afmæli sínu þann 10. júní. Randver er ættaður frá Hólum í Eyjafjarðarsveit og býr á Akureyri. Það er alltaf gott að finna fyrir stuðningi frá fólkinu í kringum okkur og viljum við þakka Randver kærlega fyrir þessa góðu gjöf.

Fundir, ráðstefnur o.fl.

Aðalfundur Hjálparveitarinnar Dalbjargar var haldinn þann 23. apríl í Dalborg. Stjórnarmenn eftir fundinn voru eftirfarandi: Kristján Hermann Tryggvason, formaður, Eiður Jónsson, varaformaður, Sunna Axelsdóttir, ritari, Jóhannes Jakobsson, gjaldkeri og Ingvar Þ. Ingólfsson, meðstjórnandi, þannig að stjórn hélt óbreytt frá fyrra ári. Einnig var skipað í húsnefnd.

Almennir fundir voru 11 talsins og stjórnarfundir einnig. Smærri fundir og hópafundir voru haldnir eftir þörfum, s.s. í sleðahóp, tækjahóp og nýstofnuðum fjallabjörgunarhóp. Fulltrúaráðsfundur var haldinn í Reykjavík þann 21. nóvember og fóru Kristján og Ingi á þann fund. Þá fundaði svæðisstjórn einnig reglulega, en frá Dalbjörg eru tveir félagar í svæðisstjórn á svæði 11. Unglingadeild fundaði aðra hverja viku frá nóvember og

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



SAMHERJI

Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár



DALBJÖRG ÞAKKAR VEITTAN STUDNING



Njardarnes 9 - 603 Akureyri
Sími 412-0400 - Fax 412-0401



Óseyri 4 - Sími 462 7799



fram á vor. Vinnukvöld voru haldin eftir þörfum, bæði almenn og í hverjum flokki fyrir sig.

Sunnudaginn 15. mars fengum við heimsókn frá stjórn Slysavarna-félagsins Landsbjargar. Þaðan komu fjórir stjórnarmeðlimir til að ræða málin við okkur og mættu nokkrir félagar á fundinn auk stjórnar. Þetta var hin besta heimsókn og það er frábært að stjórn S.L. heimsæki einingar um landið til að sjá hvað félagar þeirra hafa að segja.

Stefnumótunarfundur S.L. var haldinn í húsnæði Súlna á Akureyri þann 31. mars, en umsjón með stefnumótunarstarfinu hefur Dr. Haukur Ingi Jónasson.

Slysavarnir

Okkar árlega reyskynjarayfirferð og sala Neyðarkallsins, sem að þessu sinni var félagi úr tækjaflokki, var dagana 5.-8. nóvember. Móttökur sveitunga voru góðar að venju.

Farið var með endurskinsmerki í Hrafnagilsskóla og Krummakot og vakti það mikla lukku.

Að venju fóru nokkrir félagar frá okkur í Hálandisvaktina, en um þá viku má lesa annars staðar í blaðinu.

Námskeið

Allnokkur námskeið voru haldin hjá okkur á árinu, auk þess sem félagar eru duglegir að sækja námskeið hjá nærliggjandi sveitum og nýta sér fjarnámskerfið. Um áramótin verður bætt við kröfur til að komast á útkallslista og verða þær nú með flestum þeim námskeiðum sem þarf til að ljúka Björgunarmanni 1, sem og Fyrstu hjálp 2.

Fyrsta hjálp 1 var haldin hjá okkur dagana 23.-25. janúar og var það Stefán, félagi hjá okkur sem var leiðbeinandi.

Námskeiðið Snjóflóð 1 og 2 var haldið 27. febrúar til 1. mars.

Fjallamenska 1 var haldið 13.-15. mars á Stóru-Tjörnum en þangað fóru nokkrir félagar frá okkur. Þá voru haldin námskeið í Tetra og Tetra - gáttun stöð í stöð, bæði á Dalvík og hjá okkur í Dalborg og þau sóttu nokkrir félagar.

Dagana 15.-17. maí var svo haldið námskeið í leitartækni hjá okkur.

Námskeiðið aðgerðastjórnun var haldið 18.-20. september á Dalvík og það sótti einn félagi. GPS námskeið var haldið á Dalvík 13. október og þangað fóru nokkrir félagar saman. Grunnnámskeið í fjallabjörgun var haldið 30. október til 1. nóvember og það sóttu fimm félagar. Leiðbeinendur voru Gísli og Rakel frá Hjálparsveit skáta í Garðabæ.

Kvöldnámskeið í Aðkomu að flugslysum var haldið 11. nóvember og mættu nokkrir félagar í hús til að hlusta á þann fyrirlestur.

Dagskráin er svo þétt hjá okkur eftir áramótin, en þá byrjar Fjallamenska 1 og 2 í janúar og febrúar og margt fleira skemmtilegt.



Fjallamenskunámskeið.



Holuhraun í mars 2015.

Endurnýjun vélsleða

Í ár var komið að endurnýjun á vélsleðum sveitarinnar og þeim gömlu skipt út fyrir fagurgræna Arctic Cat M8000 Limited fjalla-sleða. Þessir sleðar eru með betri fjöðrun en þeir gömlu og aðra aksturseginnleika. Við í sleðadeildinni höfum fulla trú á að þessir sleðar gefi góða raun. Á myndinni má sjá nýju sleðana komna í hús og Friðrik og Arnar hæstánægðir. Næsta verk sleðadeildar er að gera sleðana útkallshefa.



Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

STEYPUSÖGUN NORDURLANDS
Sími 864 2530

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

Daglegt brauð

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár



Áhrif líkamsforms í björgunarsveitarstörfum

Í björgunarsveitum eru unnin margvísleg störf, hvort sem þau eru úti á vettvangi, í útköllum, fjallabjörgun eða öðru slíku, eða í stjórnun aðgerða og á bakvið tjöldin. Í mörgum þeim störfum sem unnin eru í björgunarsveitum skiptir máli að vera í góðu líkamlegu formi, enda geta björgunarmenn lent í erfiðum aðstæðum og verður hver og einn að meta hvað hann treystir sér í hverju sinni ásamt því að stjórnendur aðgerða ákveða hver er sendur í hvaða verkefni. Það getur verið til trafala ef maður telur sig ekki vera færann um allt sem maður vildi geta gert, eins og að fara í krefjandi útköll og sinna verkefnum úti á vettvangi.

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir, sem er alltaf kölluð Gulla og er félagi í Hjalparsveitinni Dalbjörg, gerðist svo fræg að sigra heimakeppni Biggest Loser Ísland nú síðastliðið vor. Árangur hennar í keppninni hafði mikil áhrif á allt hennar líf, en hún hefur lést umtalsvert og er fær um að gera margt í dag sem hún gat ekki áður en þessi lífsstílsbreyting varð hjá henni.

Gulla segir að henni hafi fundist erfitt að vilja sinna björgunarsveitarstörfum og upplifa að hún gæti það í raun ekki nema að vissu marki. Hún var von að taka að sér ýmis störf sem þurfti að sinna innan sveitarinnar, en fannst alltaf eitthvað vanta og hún virtist ekki fá það sem hún leitaðist eftir út úr starfinu. Hún segir að þegar hún hafi farið óhikað í fyrsta útkallið eftir að hún kom heim úr keppninni, hafi hún áttað sig á því hvað vantaði. Hún segist finna mikinn mun á öllu starfi og námskeiðin séu ekki eins kvíðnægleg fyrir sig þar sem hún er ekki eins smeyk við það ef um eitthvað líkamlegt er að ræða. Hún segist einnig hugsa um útköllin eftir kunnáttu, en ekki eftir því hvort það er líkamlega erfitt eða ekki.

Allir hafa hlutverk í björgunarsveit og mismunandi ástæður eru fyrir því að félagar sinna björgunarsveitarstörfum, en eftir að Gulla breytti sínu lífverni og komst í heilbrigðara form þá fannst henni að hún væri loks að sinna því sem var ástæðan fyrir því að hún gekk í björgunarsveit fyrir um 12 árum síðan, það er að fara í útköll og hjálpa fólki. Eins segir hún það skipta máli fyrir sig að geta tekið þátt í félagslífi í kringum björgunarsveit-



Gulla í spottavinnu.

arstarfið og að taka þátt af fullum krafti í Björgunarleikum í vor hafi verið æðislegt. Hún segist einnig hafa tekið þátt árið 2009 en hafi þá verið bílstjóri liðsins þar sem hún treysti sér ekki til að taka þátt í þrautum. Hún segir mikinn mun vera á þessum tveimur Björgunarleikum fyrir sig.

Gulla mun halda áfram sínu nýja, heilbrigða lífverni og hefur góðan stuðningshóp í kringum sig. Við félagar hennar í Hjalparsveitinni Dalbjörg erum stolt af hennar árangri og ánægjulegt er að bæst hafi í hóp félaga á útkallslista sem geta sinnt krefjandi útköllum. Eins og áður sagði eru björgunarsveitarstörfin mjög fjölbreytt og alls ekki öll þess eðlis að þau krefjist þess að félagar séu í góðu líkamlegu formi. Hitt er annað mál að það er hollt og gott fyrir alla að hugsa um heilsuna og taka upp heilbrigðan lífsstíl og viljum við auðvitað hvetja félagar sem og aðra eindregið til þess. Eins og sjá má af reynslu Gulla getur hollur lífsstíll orðið til þess að aðillinn fái meiru afrekað en áður og uppfylli markmið sín frekar.

Við óskum lesendum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Sunna Axelsdóttir

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir



Gulla á fjölskyldudegi Dalbjargar 2014 og 2015.

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

 **VÉLFANG**
www.velfang.is

Bestu óskir um *gleðileg jól*
og farsælt nýtt ár

RAGNAR & EIDUR ehf
Verktaki - Vélaleiga
Símar 866 0524 & 861 5537

NB
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

MOTUL



Dalbjörg, innilega til hamingju með nýju Arctic Cat M 8000 björgunarsveitarsleðana



**Með jólakveðju frá
Motul og Arctic Sport**

MOTUL Á ÍSLANDI GLERÁREYRUM 3 AKUREYRI SÍMI 462-4600 WWW.MOTULISLAND.IS





*Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

